

## 4. fundur stjórnar HRFÍ starfsárið 2020-2021

Fimmtudaginn 12. nóvember kl. 17.00 á Teams

**Mættir:** Herdís Hallmarsdóttir, formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar J. Sveinsson auk varamannanna Önnu Guðjónsdóttur og Guðna B. Guðnasonar. Svava Björk Ásgeirsdóttir boðaði forföll.

Framkvæmdastjóri félagsins Guðný Ísaksen sat fundinn.

Fundinn ritaði Guðbjörg Guðmundsdóttir

### Dagskrá

#### 1. Frágangur og meðferð fundargerða fyrri funda

Ritari setur inn fundargerð daginn eftir fund og lætur vita, fundargestir hafa tvo daga til að gera athugasemdir og að því loknu er fundargerð samþykkt rafrænt og send til framkvæmdastjóra. Þetta verklag er ítrekað og allir samþykkir að það skuli standa.

#### 2. Upplýsingar frá skrifstofu um stöðu á innri málum

Framkvæmdastjóri upplýsir um áhrif Covid faraldurs á rekstur skrifstofu, meðal annars um stöðu á starfsmannamálum og varúðarráðstafanir sem gripið hefur verið til.

Ljóst er að faraldurinn hefur þegar haft mikil áhrif á reksturinn á þessu ári og varar framkvæmdastjóri við því að mögulega muni faraldurinn hafa áhrif á þjónustustig skrifstofu.

Fyrsti hluti nýja tölvukerfisins er kominn og framkvæmdastjóri er að byrja að vinna í því, ýmislegt er í kerfinu sem þarf að laga, en kerfið lofar mjög góðu. Framkvæmdastjóri segir að hún sjái fram á að geta þýtt töluvert af kerfinu sjálf, sem er mikill sparnaður fyrir félagið. Hún er að læra hvernig hún vinnur það, þannig að kerfið verði að miklu leyti á íslensku strax frá byrjun. Vonast er til að hægt verði að opna hluta kerfisins fyrir félagsmenn í lok árs.

### 3. Tegundasýningar, ákvörðun um niðurfellingu sýninga

Búið var að skrá hunda á október tegundasýningarnar og eftir nokkra frestun á þeim er fólk farið að biðja um endurgreiðslur.

Fjárhagslegar afleiðingar þess að endurgreiða sýningagjöldin eru 530 þúsund krónur.

17 grein sýningareglanna fjalla um endurgreiðslur vegna sýningagjalda :

„ 17. *Skráningargjald fæst aðeins endurgreitt í eftirfarandi tilvikum:*

- 1. Ef skráning er ekki tekin til greina.*
- 2. Ef ljóst er eftir að skráningarfrestur rennur út, að áður auglýstur dómari eða varadómari mun ekki dæma. Er þá helmingur skráningargjalds endurgreiddur gegn skriflegri beiðni þar um, afhendingu sýninganúmers og framvísun greiðslukvittunar, í síðasta lagi áður en dómur í viðkomandi hundakyni hefst.*

*Ef sýning fellur niður vegna óviðráðanlegra ástæðna (force majeure), eiga eigendur skráðra hunda ekki rétt á endurgreiðslu skráningargjalda.*

Ákveðið að fella niður sýningarnar og þrátt fyrir að eigendur skráðra hunda eigi ekki rétt á endurgreiðslu er það engu að síður ákvörðun stjórnar að endurgreiða öllum þeim sem greitt höfðu að fullu.

### 4. Erindi sem barst um undanþágu frá augnskoðun á dauðum íslenskum fjárhundi til skráningar eldri gota.

Erindið var sent stjórn Deildar Íslenska Fjárhundsins (DÍF) til umsagnar. Í þeirra umsögn kemur ekki fram að þau setji sig á mótí því að þessi undanþága verði veitt.

Eitt af aðalhlutverkum Hundaræktarfélags Íslands er að standa vörð um íslenska fjárhundinn. Stofninn er lítill og erfðafjölbreytileiki er

ekki mikill. Að útiloka einstaklinga úr stofninum er varhugavert séu þeir heilbrigðir.

Nokkrar umræður sköpuðust í stjórn um erindið, en eðli málsins vegna var ákveðið að samþykkja ættbókarfærslu hundsins með þeim formerkjum að þeir hundar sem lifandi eru undan hundinum uppfylli kröfur um heilbrigði tegundarinnar.

#### 5. Erindi frá ræktanda varðandi ræktunarbann á goti

Ræktandi innan félagsins sendi erindi þar sem farið var fram á ræktunarbann á heilt got úr hennar ræktun.

Í reglum um skráningu í ættbók segir í grein 4.3 :

*„Stjórn HRFÍ getur heimilað ræktanda að setja ræktunarbann með eða án sýningarbanns á hund úr sinni ræktun, við ættbókarskráningu hans. Skal bannið rökstutt með greinargerð sem staðfestist af kaupanda ef hann er til staðar. Stjórn HRFÍ getur eitt aflétt ræktunar- og sýningarbanni, krefjist ræktandinn þess. „*

Töluverðar umræður sköpuðust á fundinum um erindið, en fundarmenn voru sammála um að greinargerð ræktandans fyrir ræktunarbanninu samrýmdust ekki markmiðum um að leggja áherslu á erfðafjölbreytileika í ræktun hunda. Í allri ræktun ætti að leggja áherslu á erfðafjölbreytileika, en ekki útiloka hunda úr ræktun vegna skoðana ræktenda.

Stjórn virðir skoðun ræktandans, en getur ekki fallist á hana sem ástæðu þess að setja heilbrigða hunda í ræktunarbann.

Erindinu er því hafnað.

#### 6. Endurfjármögnun láns sem hvílir á fasteigninni Síðumúla 15

Erfiðlega hefur gengið að fá endurfjármögnun láns félagsins vegna þess flókna sambands sem er milli HRFÍ annars vegar og RA hins vegar. Bankinn hefur hafnað beiðni um endurfjármögnun vegna

Þess að lánsveð eru ekki lengur heimil. Þannig getur RA ehf. sem eigandi húsnæðisins ekki lánað veð vegna skuldar sem Hrfí skuldar. Það var löglegt þegar lánið var tekið, en er óheimilt í dag. Ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar, en sameining RA ehf. og Hrfí er ekki möguleg vegna þess að Hrfí er góðgerðarfélag. Þá myndast skattskylda ef félaginu RA er slitið eða fasteignin seld.

## 7. Umræður um gjaldskrá 2021

Stjórn er sammála um að gott sé að fara yfir gjaldskrá félagsins árlega á nóvemberfundi stjórnar. Þannig er hægt að gera frekar minni hækkanir reglulega en að þurfa að gera miklar breytingar á nokkurra ára fresti.

Verðlagsbreytingar hafa verið á árinu og verðlagshækkun greinileg. Ljóst er að mörg heimili hafa um sárt að binda á þessu ári, en á hinn bóginn stendur rekstur félagsins í jánnum eftir að félagið hafi þurft að aflýsa nær öllum viðburðum ársins.

Hundaskóli HRFÍ hefur staðið vel og skilar tekjum til félagsins, skólinn er með lægra verð fyrir námskeið en flestir aðrir hundaskólar og hvetur skólastjórinn til þess að við hækkum námskeiðagjaldið ekki meira en upp í 32 þúsund krónur.

Stjórn bíður eftir tillögum frá íþróttadeild um þeirra gjaldskrá, verður ýtt á að við fáum þær tillögur áður en fundað verður aftur.

Ákveðið að skoða frekar alla möguleika í stöðunni og boða til sérstaks stjórnarfundar um gjaldskrá félagsins fljótlega.

## 8. Önnur mál

- a. Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) og Félag ábyrgra hundaeigenda (FÁH) hófu með sér samstarf í september í þeim tilgangi að beita sér saman í réttindamálum hundaeigenda. Nýverið kom út skýrsla frá stýrihóp um málefni gæludýraeigenda í Reykjavík og var margt gott í þeirri skýrslu, en margt sem virðist litað af fornum hefðum. Samstarfshópur HRFÍ og FÁH skrifuðu ályktun og umsögn um skýrsluna og birtu hana í þessari viku. Samstarfið hefur verið mjög öflugt og gott og mun vonandi með sterkri samvinnu hafa áhrif á viðhorf til hundaeigenda til hins góða.
- b. Fræðslunefnd HRFÍ hefur hrint af stað fyrirlestraröð á zoom til félagsmanna (og vonandi annarra þeirra sem hafa áhuga á hundaeign). Fyrsti fyrirlesturinn verður næstkomandi

mánudag (16. 11) þar sem Unnur Olga dýralæknir mun fræða okkur um meðgöngu og got tíka. Fleiri fyrirlestrar eru á döfinni og verða þeir auglýstir þegar undirbúningi líkur. Í byrjun verða þessir fyrirlestrar gjaldfríir en fræðslunefnd sér möguleika á að afla fjár fyrir félagið í framtíðinni með vönduðum fyrirlestrum sem boðnir verða fyrir sanngjarnt gjald.

- c. DNA próf og dýralæknastofur – þarf að setja fram upplýsingar um hverjir mega taka DNA próf sem er nauðsynlegt til undaneldis og hvaða rannsóknarstofur eru áreiðanlegar. Málið er flutt til næsta fundar.

Fleira ekki gert og næsti skipulagði fundur verður 10. desember